

Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar, þriðjudaginn 24. janúar 2012 kl. 16:00, í grunnskólanum á Þórshöfn.

Mætt: Siggeir Stefánsson, Kristinn Lárusson, Axel Jóhannesson, Svala Sævarsdóttir, Arnfríður Aðalsteinsdóttir, Halldóra Friðbergsdóttir, Stefán Benjamínsson, Vilborg Stefánsdóttir, Svala Sævarsdóttir og Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð. María Guðmundsdóttir og Ólöf Kristín Arnmundsdóttir tóku þátt í fundinum símleiðis.

Formaður fræðslunefndar setti fundinn og bauð nefndarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Kynning á Félags- og skólaþjónustu Norðurþings

Sigurður Aðalgeirsson, grunnskólafulltrúi Skólaþjónustu Norðurþings, kom fyrir nefndina og gerði grein fyrir starfsemi skólaþjónustunnar og hvað felst í samstarfssamningi skólaþjónustunnar við Langanesbyggð. Auk þess gerði Árný Ármannsdóttir, námsráðgjafi hjá Skólaþjónustunni, grein fyrir starfi sínu. Þá gerði Guðrún Kristín Jóhannsdóttir, starfsmaður Félagsþjónustu Norðurþings, grein fyrir starfsemi barnaverndarnefndar. Fræðslunefnd þakkar Sigurði, Árnýju og Guðrún Kristínu fyrir greinargott yfirlit.

2. Skýrsla skólastjóra Grunnskóla Þórshafnar

- Kennararáðningar
 - i. Lagt til að Aldís Gunnarsdóttir verði ráðin í 50% starf við kennslu samfélagsgreina.
Samþykkt samhljóða
 - ii. Lagt til að Þórarinn Jakob Þórisson verði ráðinn í 35% starf við íþróttakennslu.
Samþykkt samhljóða
- Hætt verður að bjóða ávexti í nestistímum, líkt og gert var á haustönn. Foreldrum er núna boðið að kaupa mjólkur- og ávaxtaáskrift fyrir börn sín á vorönn. Lagt til að mjólkuráskrift kosti kr. 2.000 og ávaxtaáskrift kr. 5.000.
Samþykkt samhljóða
- Foreldraviðtöl eru að klárast
- Þorablót verður 26. janúar nk.
- Þemadagar verða 14. og 15. febrúar.
- 10. bekkur fara í skólaheimsókn til Akureyrar 14. febrúar nk.
- Tveir nemendur 10. bekkjar stunda nú íslenskunám við framhaldsdeildina á Þórshöfn.
- Nemendur í 8., 9. og 10. bekkjar sækja nú námskeið sem haldin eru á vegum Björgunarveitarinnar Hafliða á Þórshöfn og fá þau metin sem val.
- Vilborg Stefánsdóttir hefur tekið að sér að sinna félagsstarfi á unglíngastigi og efla félagslíf.

3. Skýrsla skólastjóra Tónlistarskólans á Þórshöfn

- 27 nemendur stunda nú nám við tónlistarskólann og komast færri að en vilja. Auk þess kemur tónlistarkennari í grunnskólann með tónmennt.
- Undirbúningur er hafinn fyrir Nótuna sem haldin verður á Akureyri í mars.
- Kynning á skipan tónlistarnáms samkv. aðalnámsskrá.

Umræða um koma á áfangaprófum í tónlistarskólanum.

4. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði

- Þorrablót var haldið 20. janúar sl.
- Unnið hefur verið að þróun námsmats við skólann. Rætt um að samræma námsmat við grunnskólana á Þórshöfn og Bakkafirði.
- 9. bekkur stefnir á að heimsækja grunnskólann á Þórshöfn

5. Skýrsla skólastjóra Barnabóls

- 3 börn, fædd 2010, hafa verið tekin í skólann og eru þá 33 börn skrá í leikskólann.
- Gerðar hafa verið endurbætur á Stekk í því skyni að draga úr hávaðamengun, sem hafa reynst mikil bót.
- Óvissa er með samstarfsverkefni leikskólans og Nausts, sem og markvissa hreyfingu, í kjölfar uppsagnar iðjubjálfa Langanesbyggðar.
- Þorrablót verður haldið 26. janúar nk.
- Pöbbum var boðið í kaffi og kökur á bóndadag.
- Skólastjóri minnir á að innan leikskólans er unnið öflugt og markvisst faglegt starf.

6. Reglur um innritun í grunnskóla Langanesbyggðar og skilgreining á skólahverfum innan sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða

7. Reglur Langnesbyggðar um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Samþykkt samhljóða

8. Kynning á forvarnarstefnu annara sveitarfélaga

Formaður lagði forvarnarstefnur Seltjarnarness, Garðabæjar og Þingeyjarsveitar fram til kynningar og dreift á fundarmenn. Lagði formaður það til að fræðslunefnd myndi setja sér það markmið að leggja fram drög að forvarnarstefnu fyrir LNB. Ákveðið að halda áfram með málið á næsta fundi nefndarinnar.

9. Skólastefna Langanesbyggðar

Vinna við gerð skólastefnu hefur legið niðri um skeið vegna ýmissa orsaka en stefnt er að því að taka upp þráðinn að nýju sem fyrst. Formaður FN og skólastjóri GP eru að vinna í málinu.

10. Skýrsla frá menntamálaráðuneytinu – kynning

Arnfríður kynnti niðurstöður skýrslu vegna úttektar á Grunnskóla Þórshafnar.

Skila þarf ráðuneytinu ítarlegri áætlun til úrbóta fyrir 15. febrúar nk. Formanni FN og skólastjóra GP falið að vinna málið áfram.

11. Fyrirspurn frá kennurum

Kynnt bréf frá kennurum Grunnskólann á Þórshöfn varðandi stefnu Langanesbyggðar í íþrótta- og æskulýðsmálum og forvarnarstarfi. Fyrirspurnin kemur í framhaldi auglýsingar um áramótadansleik sem haldinn var í Þórsveri.

Bréfið kynnt og rætt. Að öðru leyti vísað í lið 8 í fundargerð.

12. Námskeið fyrir foreldra

Kynnt námskeiðið: Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar. Arnfríði og Siggeir falið að skoða þetta mál frekar.

13. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.30.